

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 57/1995.

Sigurður Ingason

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1995 og krefst þess, að stefndi greiði sér 325.374 krónur með dráttarvöxtum frá 1. október 1992 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Í málinu liggur fyrir skjal með fyrirsögninni Starfslýsing/Sigurður Ingason, undirritað af þáverandi deildarstjóra efnagreiningardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Er meginefni starfslýsingarinnar rakið í héraðsdómi. Leggja verður til grundvallar, að hún hafi fylgt ráðningarsamningi þeim, sem gerður var við áfrýjanda og hann undirritaði 24. apríl 1991. Áfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði séð starfslýsinguna, áður en hún var send. Hann staðfesti einnig með bréfi til landbúnaðarráðuneytisins 19. nóvember 1992 og síðar fyrir dómi, að sér hefði verið í upphafi falið tímabundið verkefni, en gert ráð fyrir að fá önnur verkefni, ef nauðsynlegt fjármagn fengist ekki til upphaflega verkefnisins. Óumdeilt er í málinu, að áfrýjanda var sagt upp vegna fjárskorts með tilskildum fyrirvara í samræmi við ákvæði ráðningarsamningsins.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Ingason, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Ingasyni, kt. 020964-5359, Melasíðu 2 A, Akureyri, á hendur Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, vegna íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 10. mars 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 325.374 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem lauk námi frá Háskóla Íslands haustið 1989 með BS-prófi í efnafræði, var ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) samkvæmt ráðningarsamningi, gerðum við hann 24. apríl 1991. Frá október 1989 og til 16. apríl 1991, er stefnandi hóf störf hjá RALA, hafði hann sinnt ýmsum störfum í þjónustu ríkisins. Samkvæmt ráðningarsamningi við RALA var starfsheiti stefnanda verkefnisstjóri I, og í samningnum var kveðið á um gagnkvæman þriggja mánaða uppsagnarfrest. Samkvæmt starfslýsingu skyldi stefnandi starfa við efnagreiningu beiskjuefna (alkalóíða) í lúpínum. Þar var um að ræða samstarfsverkefni nokkurra stofnana, sem styrkt var af Rannsóknarráði ríkisins.

Með bréfi, dags. 20. desember 1991, var stefnanda sagt upp störfum við Rannsóknastofnun landbúnaðarins frá 31. desember 1991. Starfslok við stofnunina voru miðuð við 31. mars 1992.

Af hálfu stefnanda og stéttarfélags hans, Félags ísl. náttúrufræðinga (FÍN), hefur því verið haldið fram, að hann ætti rétt á biðlaunum, þar eð staða hans hefði í raun verið lögð niður. Þessu hefur verið hafnað af hálfu RALA og landbúnaðarráðuneytisins, síðast með bréfi, dags. 2. febrúar 1994.

Stefnandi lét af störfum 31. mars 1992 og fékk greiddar atvinnuleysisbæt-

ur frá 1. apríl 1992 til 30. september s. á. Hann telur sér bera biðlaun fyrir sama tíma.

Þar sem kröfum stefnanda um biðlaun hefur verið hafnað, hefur hann höfðað mál þetta.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að ráðning sín hafi ekki verið bundin við tiltekið verkefni. Hann hafi framan af starfstíma sínum hjá RALA unnið að svonefndu lúpínuverkefni, en síðari hluta starfstíma síns hafi hann unnið einkum að öðru alls óskyldu verkefni. Stefnandi hafi gert ráð fyrir, að sér yrðu fengin önnur störf, ef lúpínuverkefnið fengi ekki nægilega fjármögnun. Hafi stefnandi talið, að sér væri ætlað að taka við störfum annars manns á stofnuninni. Stefnandi telur, að sér beri biðlaun í sex mánuði frá því tíma-marki, er staða sín var lögð niður, þ. e. frá 1. apríl 1992 til 30. september s. á.

Upphafleg krafa stefnanda sundurliðast svo:

1992	Dagvinnu- laun	Föst yfir- vinnulaun	Orlof af dagvinnu	Orlof af yfirvinnu	Alls
apríl	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
maí	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
júní	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
júlí	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
ágúst	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
sept.	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
des- uppbót	18.581				18.581
Alls	510.815	102.237 (?)	50.060 (?)	10.398	673.510 (?)

Á þessu tímabili fékk stefnandi greiddar atvinnuleysisbætur ásamt uppbót, sem alls námu 287.678 krónum.

Við aðalmeðferð málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að dómkrafa hans miðast við samtölu dagvinnulauna og fastra yfirvinnulauna að frádregnum atvinnuleysisbótum, 287.678 krónum. Endanleg kröfugerð er því 325.374 krónur.

Um réttarstöðu stefnanda almennt er vísað til laga nr. 38/1954. Um rétt stefnanda til biðlauna er vísað til 14. gr. laga nr. 38/1954 svo og um rétt hans til „fastra launa“. Jafnframt er vísað til VI. kafla laga nr. 94/1986 um kjara-samninga opinberra starfsmanna. Kröfur um dráttarvexti styðjast við III.

kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, og er einkum vísað til 9. og 12. gr. þeirra laga. Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Máli þessu er beint gegn fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins með vísan til þess, að samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fari fjármálaráðuneyti með launamál starfsmanna ríkisins svo og réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur. Jafnframt er vísað til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins við afmarkaðan þátt í rannsóknum á lúpínu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslan og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá höfðu fengið styrk hjá Rannsóknarráði ríkisins til að ráðast í. Störf stefnanda að verkefninu hafi falist í efnagreiningu beiskjuefna í lúpínu og hafi verið frábrugðin daglegum störfum efnagreiningarstofu stofnunarinnar. Um hafi verið að ræða tímabundið samstarfsverkefni þessara þriggja stofnana, sem hafi um fjármögnun algerlega verið háð styrkveitingu utanaðkomandi aðila. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi farið með verkefnisstjórn og fjárhagslegt bókhald. Af þeim ástæðum hafi stofnunin gert ráðningarsamning við stefnanda. Hafi því ekki verið um það að ræða, að varanleg staða hafi verið sett á fót hjá stofnuninni vegna þessa verkefnis, sem ráðning stefnanda hafi helgast af. Stefnanda hafi frá öndverðu verið kunnugt um, hvernig verkefnið og laun hans hafi verið fjármögnuð, þ. e. af styrkveitingu frá Rannsóknarráði, og að hún hafi verið algerlega óháð fjárveitingum á fjárlögum til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stefnanda hafi því verið ljóst, að ráðning hans hafi verið bundin við þær rannsóknir, sem styrkur hafði fengist til, og því til skamms tíma og framhald hennar væri háð frekari styrkveitingum. Þetta komi skýrt fram af bréfi hans, dags. 19. nóvember 1992. Þá er ekki hafi fengist nýr styrkur til framhaldsrannsókna, en áhugi verið á því að láta vinna meira að efnagreiningu, hafi ekki orðið hjá því komist að beita heimild ráðningarsamningsins til þess að segja stefnanda upp störfum.

Ekki sé unnt að fallast á, að stefnandi geti átt rétt til biðlauna. Telja verði, að túlka beri svo ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um fasta stöðu, að það geti aðeins átt við um þá ríkisstarfsmenn, sem séu fastráðnir í stöðu, er hafi verið varanlega stofnað til á vegum ríkisins. Sé ákvæði 14. gr. ætlað það hlutverk að greiða bætur vegna missis þess starfsöryggis, sem réttilega hafi mátt tengja varanleik stöðunnar. Þessi sjónarmið eigi ekki við um stefn-

anda. Þannig hafi ekki verið um að ræða, að stefnandi hafi verið fastráðinn í stöðu, er hefði varanlega verið sett á fót á vegum ríkisins. Um hafi verið að ræða tímabundið starf tengt framkvæmd víðtækara rannsóknarverkefnis, sem í hafi verið ráðist tímabundið á vegum þriggja stofnana á grundvelli styrkveitingar Rannsóknarráðs.

Vegna lækkunar upphaflegrar kröfugerðar stefnanda er varakrafa stefnda einungis um niðurfellingu málskostnaðar.

IV.

Niðurstaða.

Af gögnum máls verður ráðið, þ. m. t. framburði stefnanda sjálfs fyrir dómi, að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins til þess að sinna ákveðnum verkþætti í sambandi við rannsóknir á lúpínu, sem var tímabundið samstarfsverkefni þriggja stofnana og styrkt af Rannsóknarráði ríkisins. Í starfslýsingu stefnanda segir svo: „Sigurður Ingason (B. Sc.) mun starfa við efnagreiningu beiskjuefna (alkalóíða) í lúpínum. Viðfangsefnið er þáttur í stærra verkefni, sem nefnist Nýting niturbindandi plantna í landgræðslu og landbúnaði. Þetta er samstarfsverkefni nokkurra stofnana, sem styrkt er af Rannsóknarráði ríkisins. Efnagreiningarverkefnið er frábrugðið daglegum störfum efnagreiningarstofunnar og gerir því kröfur til mjög sjálfstæðra vinnubragða. Starfið felst í upplýsingaöflun, þróun mæliaðferða og túlkun niðurstaðna.“ Stefnandi vann eingöngu við þetta verkefni á fyrstu starfsmánuðum sínum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Fyrir liggur, að við ráðningu stefnanda kom til álita, að hann fengi starf til frambúðar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og var þá sérstaklega haft í huga, að losnað gæti starf á efnagreiningarstofu stofnunarinnar. Við stefnanda var gerður ótímabundinn ráðningarsamningur, og var hugsanleg framtíðarstaða hans m. a. höfð í huga við þá ráðningartilhögun að sögn forstjóra stofnunarinnar. Ekki kom til þess, að staða losnaði á stofnuninni, og var stefnanda sagt upp starfi með bréfi, dags. 20. desember 1991, með þriggja mánaða uppsagnarfresti í samræmi við ráðningarsamninginn. Auk lúpínuverkefnisins hafði stefnandi einnig unnið að öðru tilfallandi verki síðustu starfsmánuði sína hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Þegar framangreindar forsendur fyrir ráðningu stefnanda eru virtar og jafnframt litið til starfslýsingar og starfa hans í samræmi við það að hinu tímabundna samstarfsverkefni hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á starfstímabili sínu þar, verður ekki talið, að uppsögn hans hafi verið vegna niðurlagningar stöðu í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann á því ekki rétt til þeirra biðlauna, sem

hann gerir kröfu til, og ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. íslenska ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ingasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
